

## **Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa**

Hinn 13. febrúar 2018 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-72/2017.

### **I**

#### **Álitaefni og kröfugerð**

Hinn 15. október 2017 bað X, hér eftir nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á skjávarpa af Y, hér eftir seljandi. Álitsbeiðandi segir skjávarpann haldinn galla og krefst skaðabóta að fjárhæð 139.990 krónur ásamt vöxtum.

### **II**

#### **Málsmeðferð kæruneftndarinnar**

Með bréfi, dags. 2. nóvember 2017, var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og var tveggja vikna frestur veittur til að skila þeim. Seljandi nýtti sér ekki þá heimild. Nefndinni bárust ekki frekari athugasemdir. Með bréfi, dags. 9. febrúar 2018, var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

### **III**

#### **Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda**

Álitsbeiðandi festi kaup á LCD skjávarpa af seljanda, af gerðinni Epson EH-TW490, þann 12. apríl 2014 fyrir 139.990 krónur. Stuttu síðar var skjávarpinn festur upp í loft á heimili álitsbeiðanda þar sem hann hefur verið síðan í reglulegri notkun. Í nóvember árið 2016 fór álitsbeiðandi að taka eftir bláum lit efst á þeirri mynd sem varpað er með skjávarpanum. Á nokkrum dögum dreifðist blái liturinn og nær nú yfir 80% af skjánum. Álitsbeiðandi hafði samband við seljanda þann 10. nóvember 2016 sem bað um að álitsbeiðandi sendi myndir af skjámyndinni í tölvupósti en endaði svo samtalið samkvæmt álitsbeiðanda „með því að segja að það væri auðvitað bara 2 ára ábyrgð á skjávarpanum og því hugsanlega lítið hægt að gera.“ Álitsbeiðandi taldi víst að hann færi með rangt mál því að hann „vissi að Elko ehf. væri með 5 ára ábyrgð á öllum skjávörpum sem þeir selja.“ Féllst álitsbeiðandi þó á að senda starfsmanninum myndir með von um að bilunin væri aðeins smávægileg og ekki yrði að reyna á ábyrgðina. Álitsbeiðandi og starfsmenn seljanda komust ekki að ásættanlegri niðurstöðu í málinu en seljandi bauðst til að senda skjávarpann til Epson í Bandaríkjunum til að láta skoða tækið en þá hefði álitsbeiðandi verið án skjávarpans í ótilgreindan tíma auk þess sem ekki lá fyrir hvaða kostnað álitsbeiðandi þyrfti að bera vegna sendingarinnar.

Álitsbeiðandi krefst þess fyrir kæruneftndinni að seljanda verði gert að greiða sér 139.990 krónur ásamt vöxtum og verðbótum frá 12. apríl 2014 en til vara að seljanda verði gert að greiða álitsbeiðanda 139.990 krónur.

### **IV**

#### **Niðurstaða kæruneftndarinnar**

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Viðskipti aðila falla undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Líkt og að framan greinir keypti álitsbeiðandi LCD skjávarpa af seljanda þann 12. apríl 2014 fyrir 139.990 krónur. Í nóvember árið 2016 fór að bera á bilun í skjávarpanum sem lýsir sér þannig að blár litur hefur dreift sér yfir skjáinn og þekur nú um 80% af skjánum.

Álitsbeiðandi telur að tilkynningarfrestur vegna galla í slíkum tækjum sé fimm ár en ekki tvö ár og krefst þess að fá skjávarpann endurgreiddan samkvæmt 2. mgr. 27. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup (nkpl.) Ákvæðið er svohljóðandi:

*Ef neytandi leggur ekki fram kvörtun innan tveggja ára frá þeim degi er hann veitti söluhlut viðtöku getur hann ekki borið gallann fyrir sig síðar. Ef söluhlut, eða hlutum hans, er ætlaður verulega lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti er frestur til að bera fyrir sig galla fimm ár frá því að hlutnum var veitt viðtaka. Þetta gildir ekki ef seljandi hefur í ábyrgðaryfirlýsingu eða öðrum samningi tekið á sig ábyrgð vegna galla í lengri tíma. Frestir skv. 1. og 2. málsl. eiga ekki við ef um er að ræða galla skv. g-lið 2. mgr. 15. gr.*

Í athugasemdum við ákvæðið kemur fram að við mat á því hvort söluhlutur eigi undir sérregluna verði að líta til þess hvers neytandi mátti vænta við kaup á slíkum hlut sem endurspeglast m.a. í verði og markaðssetningu hlutarins. Þá segir að ef vafi er um það hversu langan endingartíma hlut er ætlað að hafa sé rétt að vafinn falli fimm ára reglunni í hag.

Erfitt er að segja til um það hversu lengi skjávarpi á að endast en telja verður að neytendur eigi almennt að geta vænst þess að slík tæki af góðum gæðum eigi að geta enst lengur en tvö ár ef vel er farið með þau. Kaupverð hlutar getur einnig gefið vísbendingu um það hversu lengi söluhlutur er ætlað að endast, en umræddur skjávarpi var nokkuð dýr, en hann kostaði 139.990 krónur árið 2014. Verður talið að skjávarpanum sé ætlaður verulega lengri endingartími en almennt á við um söluhluti og eigi því undir regluna um fimm ára tilkynningarfrest samkvæmt 2. mgr. 27. gr. nkpl.

Um galla er fjallað í 15. og 16. gr. nkpl. Í a-lið 1. mgr. 16. gr. segir að söluhlutur teljist gallaður ef hann er ekki í samræmi við þær kröfur sem fram komi í 15. gr. Í 15. gr. segir m.a. að söluhlutur skuli hafa þá eiginleika til að bera sem neytandinn mátti vænta við kaup á slíkum söluhlut að því er varðar endingu og annað, sbr. b-liður 2. mgr. ákvæðisins. Þá mælir 18. gr. nkpl. fyrir um sönnun á galla og tímamark hans, en þar segir í 2. mgr. að galli, sem upp komi innan sex mánaða frá því að áhætta söluhlutar fluttist til neytanda, teljist hafa við til staðar á því tímamarki, þ.e. við afhendingu.

Samkvæmt síðastgreindu lagaákvæði hvílir sönnunarbyrðin fyrir því að skjávarpinn hafi ekki verið haldin galla á seljanda fyrstu 6 mánuði eftir kaupin en að þeim tíma liðnum færist sönnunarbyrðin yfir til neytanda. Söluhlutur telst þó ekki gallaður nema gallinn sé „hvorki sök neytanda né stafar af aðstæðum sem hann varða“ líkt og fram kemur í 1. mgr. 26. gr. nkpl.

Það að skjávarpinn eigi undir sérregluna um fimm ára tilkynningarfrest breytir því ekki að meta þarf hvort það sé sannað í málinu að skjávarpinn hafi raunverulega verið haldin galla þegar álitsbeiðandi festi kaup á honum. Bilun í skjávarpanum kom upp um tveimur árum og sjö mánuðum eftir kaupin og hvílir því á álitsbeiðanda að sýna fram á að skjávarpinn hafi verið haldin galla við kaupin. Engin gögn hafa verið lögð fram sem staðreyna bilun í skjávarpanum eða til hvers megi rekja þá bilun. Er því ekki hægt að fullyrða að bilun skjávarpans megi ekki rekja til athafna álitsbeiðanda og notkunar á skjávarpanum í rúmlega tvö og hálf ár. Með hliðsjón af framangreindu getur kærunefndin ekki fallist á það með álitsbeiðanda að skjávarpinn hafi verið haldinn galla við kaupin, sbr. b-liður 2. mgr. 15. gr. nkpl., sbr. a-liður 1. mgr. 16. gr. laganna.

## V Álitsorð

Kröfu álitsbeiðanda, X, er hafnað.

---

Áslaug Árnadóttir  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Hrannar Már Gunnarsson